

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 21.4.2020
Tilvísun: 20200403635

Kt. 420169- 3889

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (persónuafsláttur) – 543. mál, þskj. 897

Ríkisskattstjóri hefur þann 16. mars sl. móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint þingmál. Tilefni er til eftirfarandi athugasemda um efni þessa máls:

Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.) þess efnis að frá og með tekjuárinu 2020 verði óráðstafaður persónuafsláttur greiddur út til einstaklinga í stað þess að falla niður eins og núgildandi ákvæði gera ráð fyrir.

3. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 67. gr. laganna:

- a. *Í stað 2.–4. málsl. 2. mgr. kemur einn nýr málslíður, svohljóðandi: Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, skal greiddur út til launþega.*
- b. *Við 2. málsl. 3. mgr. bætist: svo og um útgreiðslu óráðstafaðs persónuafsláttar, sbr. 2. málsl. 2. mgr.*

Ríkisskattstjóri vekur athygli á því að 2. málsl. 2. mgr. A-liðar 67. gr. (tsl) gerir ráð fyrir nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar hjá samsköttuðum maka, sbr.:

Sá persónuafsláttur, sem þá er enn óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna, sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 62. gr., og skal þá óráðstöfuðum persónuafslætti annars makans bætt við persónuafslátt hins.

3. máls. 2. mgr. A-liðar 67. gr. er samhljóða 1. ml. sömu greinar nema hvað að 3. málsl. varðar ráðstöfun óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu útsvars maka í tilvikum þar sem ákvarðaður persónuafsláttur maka í heild, skv. 2. málsl., er hærri en nemur álögðum tekjuskatt hans. 3. málsl. heimilar sömuleiðis nýtingu óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu auðlegðarskatts maka, til samræmis við 1. málsl., þó slíkur auðlegðarskattur hafi vissulega ekki verið lagður á frá og með tekjuárinu 2016.

4. málsl. sömu greinar varðar ráðstöfun persónuafsláttar, að teknu tilliti til ráðstafana þeirra sem greinir í 2.-3. tl., til greiðslu fjármagnstekjuskatts, sbr. 3. mgr. 66. gr. tsl.

5. másl. 2. mgr. A-liðar 67. gr gerir síðan loks ráð fyrir því að sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn óráðstafað skuli falla niður og virðist það ekki með öllu samrýmast þeirri breytingu sem lögð er til með frumvarpinu að þessi másl. standi eftir óbreyttur.

Af ummælum í greinargerð verður ekki ráðið að ætlunin með fyrirhuguðum lagabreytingum sé að fella úr lögum heimild til nýtingar óráðstafaðs persónuafsláttar til greiðslu tekjuskatts og útsvars samskattaðs maka. Það er t.a.m. alveg ljóst að mikið óhagræði hlytist af því fyrir fjölskyldur ef í stað þess að makar fengju nýtt persónuafslátt hins tekjulægri hjá hinum tekjuhærra í staðgreiðslu frá mánuði til mánaðar, þá yrði þeim gert að bíða birtingar niðurstaðna álagningar að loknu tekjuári þar til ónýttur persónuafsláttur tekjulítills eða tekjulauss maka kæmi til endurgreiðslu. Slík bein endurgreiðsla úr ríkissjóði svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir hlyti ávallt að fara fram að lokinni álagningu á tekjur fyrra árs í heild, rétt eins og fer um endurgreiðslur ofgreidds tekjuskatts og útsvars við álagningu. Þá er ekki heldur í greinargerð að finna nokkur ummæli sem gefa tilefni til að ætla að markmið þessara breytinga sé að fella niður heimild til ráðstöfunar persónuafsláttar til greiðslu tekjuskatts á fjármagnstekjur.

Öllu heldur mætti ætla að fyrir misritun geri frumvarpstextinn ráð fyrir því að másl. 2.-4. skuli falla út þegar eðlilegt virðist í þessu skyni að fella niður 5. másl. 2. mgr. A-liðar 67. gr. tsl. einvörðungu. Að breyttu breytanda myndi þannig b-liður umræddrar 3. gr. frumvarpsins vísa til nýs 5. másl. en ekki 2. máls. 2. mgr.

Virðingarfyllt,
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J. Rögnvaldsson



Helga Valborg Steinarsdóttir